

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Djúpavogshreppi árið 1998.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Djúpavogshreppi, sbr. staflið e, 1. gr. samþykktar nr. 75/1995 um hundahald í Djúpavogshreppi, skal vera kr. 7.400 pr/hund á árinu 1998.

Gjaldið greiðist fyrirfram og óskipt fyrir tímabilið þó eigi síðar en á eindaga, sem er 31. maí 1998.

Innfalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.

2. gr.

Handsömunargjald, samkvæmt 2. gr. framangreindrar samþykktar, skal vera kr. 3.500 í fyrsta skipti, en síðar hækkar það í 7.000 ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af sveitarstjórn Djúpavogshrepps staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum til þess að gilda árið 1998.

Umhverfisstjórnuneytinu, 18. desember 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

23. desember 1997

Nr. 743

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016, Suður-Selás.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 17. desember 1997 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur frá 18. ágúst 1997, staðgreini-reitur 4.723, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fölginn í því að íbúðarsvæði og almenn útivistarsvæði breytast í stofnana-svæði og almennt útivistarsvæði breytist í íbúðasvæði. Fyrirhugað er að afmarka lóð og reisa fjögurra deilda leikskóla á stofnana-svæðinu.

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisstjórnuneytinu, 23. desember 1997.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.